

72

9. des.

AUGLÝSING

um aðild Íslands að samningi um alþjóðalánastofnun.

Hinn 18. ágúst 1955 var í Washington undirritaður samningur fyrir Íslands hönd um alþjóðalánastofnun (International Finance Corporation), er starfa skal í náinni samvinnu við alþjóðabankann (Stj.tið. A. 2/1946).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

73

9. des.

AUGLÝSING

um breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs.

Hinn 2. desember 1952 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs vegna aðildar Finnlands að ráðinu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt

Utanríkisráðuneytið, 9. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

Fylgiskjal.**Breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs frá 1952.**

1. Fyrir „ríkisþing Dana“ í 1. gr. kemur: þjóðþing Dana, ríkisþing Finna.
2. a. 1. másl. 1. málgr. 2. gr. skal orða svo:
Í ráðinu eiga sæti 16 fulltrúar fyrir hvert löggjafarþing þessara þjóða: Dana, Finna, Norðmanna og Svía. Skulu þeir kjörnir úr ýmsum stjórn mála-flokkum af þingmönnum úr hópi þingmanna, ásamt nægilegri tölu varamanna.
- b. 3. málsgr. sömu greinar fellur niður.
3. 3. gr. skal orða svo:
Fulltrúar ríkisstjórnanna taka þátt í fundum ráðsins, en ekki í ályktunum þess.
4. Fyrir „þrjá varaformenn“ í 5. gr. kemur: fjóra varaformenn.
5. Við starfsreglurnar bætist svo hljóðandi ákvæði:
Breytingar þessar á starfsreglunum frá 1952 öðlast gildi jafnskjótt og þær hafa verið samþykktar í Danmörku, Íslandi, Noregi og Svíþjóð og starfsreglur, sem að efni til eru samhljóða reglunum þannig breyttum, hafa verið samþykktar í Finnlandi.